

## **Fundargerð**

6. fundur stjórnar  
Starfsárið 2020-2021  
15. júní 2020

Mætt: Unnsteinn, Bjarndís, Edda, Daníel (framkv. stj.), Sigtýr (áheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs)  
Ritari: Bjarndís Helga Tómasdóttir  
Fundur settur: 16.44

### **1. Samþykkt síðustu fundargerðar**

Fundargerð síðasta fundar hefur verið samþykkt.

### **2. Gestur, Hrefna Þórarinsdóttir**

Hrefna, forstöðukona Hinsegin félagsmiðstöðvar heimsækir stjórn og segir frá því sem er um að vera í félagsmiðstöðinni en nýlega fékk félagsmiðstöðin 4 milljón króna styrk frá Reykjavíkurborg (úr sjóðnum "látið draumana rætast", gildir til eins árs með möguleika á áframhaldandi styrk). Spennandi tímir framundan, stefnan er sett á einhvers konar 10-12 ára starf næsta vetur. Nú mæta um 80-100 ungmenni á hverju opnu húsi.

Hrefna hvetur stjórn til að koma í heimsókn í félagsmiðstöðina í haust, stjórn tekur vel í það.

### **3. Öruggara rými, stefna**

Stefna um öruggara rými er tilbúin og verður kynnt og lögð til samþykktar á félagsfundi 27. júní.

### **4. Fjáröflun**

Fjáröflunarnefnd hefur nýlega fundað. Nefnd er sammála að skrifa undir samning við Takk sem allra fyrst. Stjórn samsinnir því.

Hinsegin dagar og Samtökin 78 stefna á opnun sameigninlegrar vefverslunar í byrjun júlí.

Fleiri fjáröflunarverkefni eru í farvegi.

### **5. Könnun um blóðgjafir**

Framkvæmdastjóri er að vinna að könnun um blóðgjafir þar sem tekinn verður púlsinn á því sem hinsegin samfélagið vill sjá í þeim málum. Vegna sumarfrís framkvæmdastóra hefur stjórn ákveðið að geyma könnun til haustsins.

### **6. Félagsfundur**

Verður haldinn 27. júní. Skipulag gengur vel, stjórn ræðir. Eftir fund verður kynslóðaspjall eins og hefur verið síðustu félagsfundi og aðalfund. Þaðan verður haldið í útgáfupartý vegna rits Samtakanna 78 og gleðskap.

Stjórn ræðir hver kynnir stefnu um öruggara rými. Ákvörðun tekin síðar.

### **7. Sumarbústaður (síðasta helgin í ágúst)**

Stjórn ræðir tíma sem kemur til greina og leigu á bústöðum.

## 8. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri kynnir verkefni sem kom inn á hans borð. TUF-verkefnið svokallaða. Stjórn ræðir hugsanlega þátttöku, en er sammála um að ekki sé frekara rými fyrir samstarf að svo stöddu.
- Sumarfrí starfsmanna. Daníel fer í frí frá og með morgundegnum og í næstu 12 daga. Tóttla fer í frí í júlí og Heiðrún í ágúst.
- Stjórn ræðir World Pride 2021 í Kaupmannahöfn og stefnir á að fara þangað.

Fundi slitið: 18:03